


Hinsegin börn og ungmenni í íþrótt-,
tómstunda- og æskulýðsstarfi

AÐSTAÐA OG MÓT






Gefið út af mennta- og
barnamálaráðuneytinu.

Samtökin '78, 2024.

Teikningar: Elías Rúni



Ísland hefur náð miklum árangri síðastliðna áratugi þegar að kemur að réttindabaráttu hinsegin fólks. Árið 2024 var Ísland í öðru sæti á regnbogakorti ILGA-Europe, sem mælir lagaleg réttindi hópsins í Evrópu og Mið-Asíu. Ísland er þó ekki komið í mark. Hinsegin fólk upplifir ennþá mismunun og fordóma og það er mikilvægt að halda áfram að vinna að því markmiði að öllu hinsegin fólki líði vel í íþróttá-, tómsunda- og æskulýðsstarfi.

Til að bæta upplifun hinsegin barna og ungmenna vega tveir þættir þyngst, sýnilegur stuðningur annars vegar og hins vegar að stöðva mismunun og særandi orðræðu. Hvort tveggja eru þættir sem geta haft jákvæð áhrif á allt hinsegin samfélagið og einnig vini hinsegin fólks og fjölskyldur þeirra. Einnig skiptir máli að vinna að sértækari þáttum sem hafa áhrif á trans og intersex fólk, svo sem aðstöðumálum og inngildandi málnotkun.

Þessi bæklingur er hluti af þriggja bæklinga röð sem hefur það meginmarkmið að auka þátttöku og aðgengi hinsegin fólks að íþróttá-, tómsunda- og æskulýðsstarfi, í þeirri von að draga megi úr brottfalli hinsegin barna og ungmenna.

Aðstöðumál

Það skiptir höfuðmáli að aðstöðumál í íþróttahúsum og sundstöðum mæti þörfum allra og að starfsfólk sé meðvitað um þarfir þeirra hópa sem nýta aðstöðuna.

Það veldur vanlíðan að geta ekki fundið búningaklefa eða baðherbergi við hæfi. Auk þess getur óvissan við að heimsækja nýjan stað valdið einstaklingum miklum kvíða ef þeir vita ekki hvernig hún lítur út. Þessi vanlíðan og óvissa getur orðið þess valdandi að einstaklingar veigri sér við að taka þátt í skipulögðu íþrótt-, æskulýðs og tómstundastarfi auk þess að valda brottfalli hjá þeim sem eru að æfa nú þegar og eru til að mynda að koma úr skápnum.

Búningaklefinn er sá staður sem hinsegin börn og ungmenni forðast mest. Spéhræðsla, að vera í kynjuðu rými og þurfa að falla undir kynjaða hegðun veldur vanlíðan. Auk þess er starfsfólk ekki alltaf inni í klefa til að stöðva fordóma og einelti.

Í mörgum tilfellum er ekki nauðsynlegt að hafa fataskipti og í þeim tilfellum er hægt að bjóða upp á að mæta í íþróttafötum.

Þegar nauðsynlegt er að nota búningaklefa er mikilvægt að það sé í boði að nota sérklefa án þess þó að það sé krafa að nokkur hópur nýti sér hann, heldur val. Einnig skiptir máli að íþróttafélög og annað tómstundastarf hafi hugað að aðgerðaáætlun fyrir trans iðkendur, sama hvort það sé trans iðkandi á staðnum eða ekki. Slík áætlun eykur fyrirsjáanleika og öryggi allra í að takast á við það að barn eða ungmenni komi út.

SÉRKLEFINN

Sérklefar eru hugsaðir fyrir fólk sem vill ekki eða getur ekki nýtt sér hefðbundna kyngreinda klefa. Þar á meðal er fólk sem er fatlað, með stóma, trans fólk, intersex fólk og fjölskyldur. Sérklefi getur verið með læstum skápum, svo fleiri geti nýtt hann. Sérklefarnir í Dalslaug í Reykjavík eru gott dæmi um mjög vel útfærða klefa.

Mikilvægt er að einstaklingar þurfi ekki að rökstyðja fyrir starfsfólki af hverju þeir vilja nota sérklefa. Það á að vera nóg að biðja um aðgang að honum.

Möguleg útfærsla á núverandi aðstöðu:

- Ef margir klefar eru í boði má breyta einum þeirra í sérklefa.

Tímabundnar útfærslur á núverandi aðstöðu:

- Stundum er hægt að nota kennaraklefa eða dómaraklefa tímabundið sem sérklefa þegar þess þarf.
- Stórum salernum fyrir fatlað fólk hefur sturtu komið fyrir og skápum sem hægt er að læsa. Mikilvægt er þó að aðgengi fatlaðs fólks að salernum verði ekki skert og að fólk sé meðvitað um að lausnir af þessu tagi eru einungis tímabundin lausn og koma ekki í staðinn fyrir uppbyggingu á alvöru aðstöðu.



STURTUKLEFINN

Ef sameiginlegt sturturými er til staðar er hægt að setja sturtuhengi eða skilrúm til að veita einstaklingum möguleika á meira næði.

BAÐHERBERGI

Samkvæmt reglugerð um hollustuhætti eru eftirfarandi kostir í boði við merkingar salerna:

- Merkja snyrtingar út frá aðstöðunni (klósett, skálar, skiptiborð).
- Þjófða upp á ókyngreint salerni til viðbótar við kynjaskipt salerni.

Salerni þar sem klefaveggir ná alla leið frá lofti til gólfs eru almennt betri. Hægt er að síkka bása til gólfs og hækka til lofts til að auka næði.

RÝMI MEÐ SPEGLUM

Gott getur verið að hafa speglalaust svæði á veggjum eða gardínur sem er hægt að draga fyrir spegil. Sumir einstaklingar finna fyrir miklum kynama við að horfa í spegil sem veldur vanlíðan á æfingu.

REGLUR Í BÚNINGSKLEFUM

Við störum ekki á hvert annað.
Við berum virðingu fyrir persónulegu rými hvers annars.
Við tökum ekki eigur annara.



Algengar spurningar um klefamál

Af hverju mega trans konur fara í kvennaklefa og trans karlar fara í karlaklefa?

Samkvæmt íslenskum lögum getur fólk notað þann klefa sem samræmist kynvitund þeirra og kynskráningu, en það hefur verið raunin frá árinu 2012. Þetta þýðir að trans konur mega fara í kvennaklefa og trans karlar í karlaklefa. Kynsegin fólk getur farið í sérklefa ef hann er í boði en annars í þann klefa sem hentar best.

En hvað með trans stelpur með typpi eða trans stráka með píku?

Það þarf ekki að hafa farið í gegnum skurðaðgerðir eða hormóna meðferð til að breyta kynskráningu sinni og almennt er einstaklingsbundið hvaða heilbrigðisþjónustu trans fólk velur að nýta sér. Börn undir 16 ára hafa auk þess ekki aðgang að hormóna meðferð né skurðaðgerðum á Íslandi.

Mikil vanvirðing felst í því að neita t.d. trans stelpu sem lifir öllu sínu lífi sem stelpa, um aðgang að kynjuðu rými með vinkonum sínum á grundvelli útlits kynfæra.

Gott er að hafa í huga að flest trans fólk sem ekki hefur gengið í gegnum kynstaðfestandi aðgerð hefur ekki áhuga á að annað fólk sjái kynfæri sín og reynir yfirleitt eftir fremsta megni að koma í veg fyrir það. Ef um börn er að ræða eru líkamar þeirra að öðru leyti eins og óþarfi að nokkur viti hvernig kynfæri barnið er með.

Hvernig útskýri ég það fyrir krökkunum?

Gott er að benda á að fólk hefur allskonar líkama. Mikilvægt getur verið að fræða hópinn um málefni trans og intersex fólks.

„Við eigum öll að geta notað þann klefa sem okkur líður best í og við erum ekki að pæla í öðru fólk.“

Bæklingurinn *Leiðbeiningar og upplýsingar fyrir starfsfólk í þróttamannvirkja um viðbrögð við fyrirspurnum vegna kyngreindra klefa og notkun trans fólks á þeim frá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar* inniheldur góðar upplýsingar fyrir starfsfólk og leiðbeiningar um samskipti.

En ef þeim finnst óþægilegt að hafa trans manneskju inni í klefa, getur trans manneskjan ekki farið í sérklefa þá?

Enginn er skyldugur til að nota sérklefa. Trans fólk, líkt og annað fólk, getur notað þá eftir þörfum en ræður því sjálf. Venjuleg klefanotkun fólks er ekki vandamál, jafnvel þótt það hafi öðruvísi líkama en flest myndu búast við. Mögulega þarf að fræða hópinn um fjölbreytileika mannlífsins og hinsegin tilveru til þess að koma í veg fyrir óþægindi og ágreining.

En ef þeim finnst óþægilegt að hafa samkynhneigða eða tvíkynhneigða manneskju inni í klefa, getur sú manneskja ekki farið í sérklefa þá?

Enginn er skyldugur til að nota sérklefa. Samkynhneigt og tvíkynhneigt fólk, líkt og annað fólk, getur notað þá eftir þörfum en ræður því sjálf. Venjuleg klefanotkun fólks er ekki vandamál, alveg óháð kynhneigð. Mögulega þarf að fræða hópinn um fjölbreytileika mannlífsins og hinsegin tilveru til þess að koma í veg fyrir óþægindi og ágreining.



Þátttaka á mótum og verðlaun

UPPLÝSINGAR FYRIR MÓT OG VIÐBURÐI

Best er að móts- og viðburðahaldarar láti upplýsingar um aðstöðumál fylgja í almennu kynningarefni. Ef upplýsingar skortir er ráðlegt fyrir einstök félög að kanna hvernig aðstaðan er fyrirfram og láta iðkendur sína vita. Þannig er gott að mótsbréf eða kynningarbæklingur hafi kort af aðstöðu þar sem staðsetning sérklefa er sýnd og innihaldi jafnframt upplýsingar um hvernig hægt er að fá aðgang að honum.

VERÐLAUNAAFHENDINGAR

Við mælum með því að verðlaun séu veitt út frá kynvitund einstaklinga.

- Trans og intersex konur fái verðlaun í kvenna- og stúlknaflökki.
- Trans og intersex karlar í karla- og strákaflökki.
- Kynsegin fólk fái verðlaun í kvára- og stálpaflökki, ef boðið er upp á slíkan flokk.

Þó að flest trans fólk kjósi að breyta kynskráningu sinni í þjóðskrá þá ætti það ekki að vera skylda til að geta fengið verðlaun í flokknum sem samræmist kynvitund, heldur er gengið út frá skilgreiningu einstaklingsins.

Börn lifa oft í réttu kyni í einhver ár áður en kynskráningu þeirra er breytt og stunda íþróttir og tómstundir og keppa jafnvel með sínu rétta kyni áður en skráningu er breytt hjá þjóðskrá.

Þá er sérstaklega mikilvægt að skráningar þeirra séu réttar hjá íþróttafélögum og í tómstundastarfi, en rétt er að taka fram að í skipulagsforritinu Abler geta iðkendur merkt rétt kyn og persónufornöfn.

Kynsegin fólk sem keppir í karla- eða kvennaflökki getur fengið verðlaun sem t.d. íþróttakvár eða íþróttastálp ársins, þar sem ekki allar íþróttir bjóða upp á kynsegin flokk eða blandaða flokka.

STÓRMÓT OG TRANS KONUR

Alþjóðaólympíunefndin leyfir trans konum að keppa í kvennaflökki að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þó hafa alþjóðleg sársambönd á undanförunum árum sett reglur sem útiloka trans konur sérstaklega frá keppni innan ákveðinna íþróttar, án þess að fyrir því séu óyggjandi rök. Mikilvægt er að halda því til haga að það kemur ekki í veg fyrir þátttöku trans kvenna á stórmótum innanlands, þar sem íslensk sársambönd geta sett sínar eigin reglur.

Umræðan um trans fólk í íþróttum er oft full af rangfærslum og lítið um kærleika gagnvart íþróttafólkinu sjálfu. Mikilvægt er því fyrir þjálfara að styðja sérstaklega vel við trans stúlkur, sem upplifa gjarnan að þær þurfi að velja á milli þess að vera fyllilega þær sjálfar og að stunda íþróttina sína.





Orðskýringar

KYNEINKENNI

Kyneinkenni eru meðfædd líkamleg einkenni, eða birtingarmyndir líffræðilegs kyns. Flest fólk hefur kyneinkenni sem samsvara þeim hugmyndum sem við höfum um líffræðilegt kyn. Dæmi um þetta er til dæmis að körlum vex jafnan skegg, konur eru jafnan með brjóst og eggjastokka o.s.frv. Þetta er þó ekki algilt.

INTERSEX MANNESKJA

Manneskja sem hefur frá náttúrunnar hendi ódæmigerð kyneinkenni, það er að segja kyneinkenni sem falla ekki algerlega að samfélagslega stöðluðum hugmyndum um karl- og kvenkyn. Intersex nær yfir breitt svið af meðfæddum líkamlegum einkennum.

KYNVITUND

Kynvitund er það hvernig við upplifum kyn okkar. Þessi upplifun er í raun alveg ótengd líkamanum heldur eitthvað sem við vitum um okkur sjálf og er partur af sjálfsmyndinni.

KYNAMI

Kynami (e. *gender dysphoria*) er orð yfir þá tilfinningu sem skapast þegar kynvitund einstaklings stangast á við líkamleg kyneinkenni. Þessari tilfinningu fylgir oft mikil vanlíðan og aftenging einstaklings við líkama sinn.

TRANS FÓLK

Trans fólk á það sameiginlegt að kynvitund þeirra er önnur en það kyn sem þeim var úthlutað við fæðingu á grundvelli kyneinkenna.

Trans kona er kona sem talin var vera karlkyns þegar hún fæddist.

Trans karl er karl sem talinn var vera kvenkyns þegar hann fæddist.

Kynsegin fólk eða kvár hafa kynvitund sem er utan kynjatvíhyggjunnar, það er að segja eru hvorki kona né karl. Sum þeirra nota kynhlutlausu persónufornafnið *hán*.

Íþróttar-, tómstunda- og æskulýðsstarf er oft afar stór þáttur í lífi barna og ungmenna. Það er því sérstaklega mikilvægt að öll börn og ungmenni upplifi sig velkomin í hvívetna. Inngildandi umhverfi gagnast öllum, ekki aðeins hinsegin börnum og ungmönnum heldur einnig fjölskyldum, starfsfólki og öðrum sem koma að starfinu á einn eða annan hátt.



Hvert er hægt að leita?

Samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs
Ráðgjafarþjónusta Samtakanna '78



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið



Samtökin '78
Félag hinsegin fólks á Íslandi